

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 10. ágúst til 30. september 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 10. ágúst til 30. september 1981:

Loðnumjöl, \$ 8,10 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 475,00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 50% af verðbreytingum frá grundvallarverði að viðbættu eða fráðregnu verðbili.

Verðið miðast við cif., og gerist upp á viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. september 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds

Kristín Magnússon

Nr. 571.

17. ágúst 1981.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Eskifjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 17. ágúst 1981 staðfest aðalskipulagsuppdrátt fyrir Eskifjörð.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af bæjarstjórn Eskifjarðar og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur fyrir Eskifjörð sem félagsmálaráðuneytið staðfesti hinn 11. desember 1964.

Félagsmálaráðuneytið, 17. ágúst 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir